

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Vestfjörðum.

1. gr.

Frá og með 1. apríl 1983 til og með 10. júní 1983, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línnum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 65°58'N 28°30'V
2. 66°08'N 26°54'V
3. 65°22'N 28°22'V
4. 65°33'N 27°00'V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs í Mýrasýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórufélags Mýrasýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 12, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórufélags Mýrasýslu og sýslunefndar sömu sýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Í októbermánuði ár hvert veitir Vörubílstjórafélag Mýrasýslu viðtöku nýjum umsókn-um um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 12 bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina eftir biðtímalengd og tímaröð.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðir til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. mars 1983.

Steingímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 17 24. janúar 1978, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 23 13. janúar 1983.

1. gr.

1.—2. málsg. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, meðan bæjarstjórn Garðabæjar og hreppsnefnd Bessastaðahrepps ekki leyfa fólksbilastöðvar í sínum lögsagnarumdæmum fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, þannig að ein bifreið kom fyrir hverja 600 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður, Garðabær og Bessastaðahreppur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. mars 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.